

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

14. febrúar 1997

Nr. 160

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð Knattspyrnufélagsins Hauka.

1. gr.

Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af ættingjum og vinum Garðars S. Gíslasonar þann 12. apríl 1976, sem leggur til þessum nýja sjóði sjóðinnistæðu sína, nú kr. 516.192,85, sem er stofnframlag.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir, sala minningarkorta, áheiti og gjafir er berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita Haukafélögum stuðning til iðkunar íþróttá og félagslegrar aðstöðu svo og að styrkja uppbyggingu félagssvæðis á Ásvöllum.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu aðalstjórnar Hauka sem kýs honum stjórn. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Hauka ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnufélagsins Hauka. Bókhaldsár sjóðsins skal vera hið sama og aðalstjórnar félagsins.

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum eða á annan jafn arðbæran og tryggan hátt. Aldrei má veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann og stofnfé skal ávallt haldast óbreytt.

5. gr.

Því aðeins er hægt að leggja sjóðinn niður, að allir stjórnarmenn hans samþykki það svo og meirihluti aðalstjórnar félagsins og aðalfundur félagsins.

Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skulu eigur hans renna til Knattspyrnufélagsins Hauka og skulu þær notaðar til styrktar starfi yngstu meðlima félagsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum af stjórn Hauka. Einn skal hafa prókúrumboð á fjárreiðum sjóðsins, annar vera ritari og þriðji meðstjórnandi. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn. Í fyrsta sinn 1995.

Fyrir 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næst liðið starfsár, sbr. lög nr. 19 frá 1988.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja. Umsóknir um styrki skulu vera skriflegar og rökstuddar. Ur sjóðnum má veita hverju sinni 3/4 hlutum tekna hans frá síðustu úthlutun. Tekjuafgang skal leggja við stofnfé hverju sinni.

8. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Hauka og með samþykki sjóðsstjórnar.

9. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Hafnarfirði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög. nr. 19/1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Opið er öllum að gerast stofnfélagar Minningar- og styrktarsjóðs Knattspyrnufélagsins Hauka. Stofndagur er 12. apríl 1995. Þeir sem vilja gerast stofnendur verða að skila framlagi fyrir 12. apríl 1996.

Framanritað er gert með fullu samþykki og samráði ættingja Garðars S. Gíslasonar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 161

20. janúar 1997

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sauðárkróks 1994 - 2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur umhverfisráðherra, þann 20. janúar 1997 staðfest aðalskipulag Sauðárkrókskaupstaðar 1994 - 2014. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sauðárkróks 1982 - 2002 er staðfest var 30. nóvember 1984.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. janúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.